

1868.

3. ágúst.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um kornlán til að afstýra hallæri í suðurumdæminu.

Í bréfi dagsettu 11. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, samkvæmt áskorun dómsmálastjórnarinnar, skýrt nákvæmlega frá ástandinu í suðurumdæminu, og með því að yðar hyggju er mikil ástæða til að búast við hallæri að vetri komandi í öllum þeim sveitum, þar sem menn einkum verða að lifa á sjávarafli, hafið þér ítrekað tillögur yðar um, að yður verði veitt til umráða allt að 5000 rd. til þess að lána fátækustu sveitunum það til kornkaupa með þeim kjörum, að í vexti af láninu verði borgaðir 4 af 100 og höfuðstóllinn borgaður aptur innan þess tíma, er stjórnarráðið nákvæmar tiltekur.

— — — — —
 — — — — —

Með því að það virðist nauðsynlegt, eptir því sem segir í hinni síðustu skýrslu yðar, að gjöra sérstaklegar ráðstafanir til þess að afstýra hættu þeirri fyrir hallæri, er vofir yfir í þeim sveitum í suðurumdæminu, sem þér hafið til greint, álit eg mærl fært að takast á herðar ábyrgð þá, að veita yður í von um samþykki ríkisþingsins til umráða allt að 5000 rd. úr jarðabókarsjóðnum, til þess að þeim verði varið með þeim kjörum, er þér hafið stungið uppá¹, til láns til kornkaupa handa þeim sveitum í suðurumdæminu, þar sem slíkt virðist vera óumflýjanlega nauðsynlegt.

Að öðru leyti vil eg ekki undanfella að vekja athygli yðar á því, að verð á kornvörum fer nú svo mjög lækkandi, að t. a. m. rúgtunnað fæst hær nú fyrir 7½ til 8 rd.

¹) Þ. e. að borgaðir verði 4 af 100 í vexti af láninu, og að höfuðstóllinn verði borgaður aptur innan 31. marzmán. 1874.